

Hulda Anna Arnljótsdóttir (2010) Grein í SFR blaðið 1. maí.

Náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur

Fræðslusetrið Starfsmennt hefur tekið að sér að veita atvinnuleitendum innan vébanda BSRB einstaklingsbundna náms- og starfsráðgjöf ásamt því að bjóða upp á námsleiðir sem efla og viðhalda starfshæfni. Nýlega var gerður samstarfssamningur við Vinnumálastofnun umráðgjöfina og þátttöku atvinnuleitenda í svokölluðum virkniúrræðum þar sem þeir nýta tímann til að mennta sig og tileinka sér nýja færni. Þessi þátttaka er talin skila einstaklingunum miklu, efla félagslegt tengslanet þeirra og stuðning og auka líkur á því að landa nýju starfi. Vinnumálastofnun óskaði eftir aðkomustéttarfélaganna og fræðslusetra á þeirra vegum, til að hafa samband við þá félagsmenn sem misst hafa vinnuna og bjóða þeim upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu. Þar sem atvinnuleysi hefur aukist hratt eftir hrunið og ráðgjöfum Vinnumálastofnunar ekki fjölgað að sama skapi, hefur stofnunin ekki náð að veita öllum skjólstæðingum sínum nauðsynlega ráðgjöf og eftirfylgd. Því var óskað eftir tímabundnu samstarfi við stéttarfélögin þar sem úrræði þeirra á sviði náms og ráðgjafar eru nýtt til fulls.

Skylduviðtal og virkni

Starfsmennt hefur því undanfarið boðað þá SFR félagi sem eru í atvinnuleit í náms- og starfsráðgjafaviðtal þar sem farið er yfirstöðuna og sett fram áætlun um símenntun og þjálfun. Um er að ræða skylduviðtal þar sem atvinnuleitandi tekur þátt í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum og fylgir eftir áætlunum atvinnuleit. Einungis menntaðir ráðgjafarveita þessi einstaklingsviðtöl þar sem gætt er að trúnaði um allar persónuupplýsingar og fólk fær leiðsögn um símenntun og réttindi eða aðstoð við að greina styrkleika sína og áhugasvið. Einnig er í boði fjölbreytt úrvallengra eða styttra náms sem sjá má á heimasíðu Starfsmenntar www.smennt.is. Allar þær námsleiðir eru í boði fyrir atvinnuleitendur sem og aðra starfsmenn sem eru t.d. að takast á við breytingar í starfi. Atvinnuleitendur eru þó forgangshópur í ráðgjöfina þessa stundina en þjónustan er einnig í boði fyrir alla félagsmenn að venju. Hægt er að panta námsogstarfsráðgjafaviðtal á skrifstofu Starfsmenntar að Grettisgötu 89 í síma 525 8395.

Náms- og starfsráðgjöf varðar þróun starfa

Líta má á þjónustu náms- og starfsráðgjafa sem sjálfsagða leiðsögn til handa öllum þeim sem velta fyrir sér námsvali eða hvert skal stefna í starfi. Ráðgjöfin er því ekki bundin viðtiltekinn aldur eða stöðu heldur nýtist öllum til að rata um flókna samfélagsgerð og aragrúaupplýsinga um nám. Hér áður fyrr vareingöngu boðið upp á náms- og starfsráðgjöf í skólum en undanfarið hefur atvinnulífið tekið þessa þjónustu upp á arma sína með góðumárangri. Starfsmennt hefur um nokkurt skeiðboðið starfsmönnum stofnana upp á náms- og starfsráðgjöf þar sem meginmarkmiðið er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfin er þannig liður í eflingu mannaúts á vinnustað og möguleg aðferð til að stuðla að starfsþróun einstaklinga.

Um hvað snúast viðtölin?

Í viðtölunum getur ráðþeginn rætt vonir sínar og væntingar sem og æskilega stefnu í starfi. Í ráðgjöfinni gefst kærkomið tækifæri til sjálfskoðunar og til að kanna áhuga, getu eða veikleika og þá megin drifkrafta sem stýrt hafaákvörðunum um nám og starf. Í viðtölunum er einnig tekið á þeim hindrunum sem ráðþeginn hefur mætt og hann hvattur til að skoða og meta eigin stöðu og vinna að lausn. Og þar sem náms- og starfsráðgjöfin er ekki meðferðarúrræði þá vísa ráðgjafarnir á aðra sérfræðinga sem geta best hjálpað í hverju tilfelli fyrir sig. Á þennan hátt getur ráðgjafinn greitt leið fólks og hvatt til sjálfsábyrgðar og virkrar hæfnisuppyggingar.

Samfélagslegt gildi ráðgjafarinnar

Gildi náms- og starfsráðgjafar getur verið mikið fyrir einstaklinginn ef vel tekst til en þjónustan hefur einnig víðari skírskotun. Ráðgjafinn er oft og tíðum fyrsti tengiliðurskjólstæðingsins við margvísleg kerfi og samfélagslega þjónustu. Því er brýnt að þessi fyrstu samskipti séu fagleg og vandlega gætt að hagsmunum einstaklingsins. Þessi persónulega þjónusta er líkleg til að bæta samskipti og líðan ráðþega og skýra stefnu þeirra í lífi og starfi. Ráðgjöfin er einnig talin fela í sér mikilvægan samfélagslegan ávinning. Þjónustan er sögð nátengd þróun þekkingarsamfélagsins þar sem þekking og nýsköpun skipta sköpum og símenntun er sjálfsagður lífsstíll. Náms- og starfsráðgjöf leggur sitt af mörkum til að efla mannaúts, hugvit og færni með því að auka og greiða aðgengi að námi og virkja fólk til þátttöku. Jafnt aðgengi einstaklinga og þjóðfélagshópa að upplýsingum um nám, störf og margvísleg tækifæri ásamt virkri þátttöku í símenntun er talin vera ein grunnstoð jöfnuðar, lýðræðis og efnahagslegrar afkomuþjóða og er þá ekki lítið lagt undir.